

Ákvörðun Samgöngustofu nr. 1/2014

Samgöngustofa hefur ákveðið að umráðendum Cessna 100 og 200 seríu flugvéla í almannaflugi sé heimilt að fresta viðbótar skoðunatriðum sem fram koma í Cessna Supplemental Inspection Document (SID) til 31. desember 2015 hvort sem þessi atriði eru nú þegar komin í samþykktu viðhaldsáætlun eða ekki. Þetta á þó ekki við þau SID skoðunatriði sem eru skylda samkvæmt lofthæfifyrirmælum (AD nótum) útgefnum af EASA og/eða (FAA).

Samgöngustofa mælir þó með því að umráðendur láti framkvæma viðeigandi SID skoðanir þrátt fyrir þessa ákvörðun, sér í lagi þær þrjár sem koma fram í EASA SIB 2014-01 eftir því sem við á (57-11-03, 55-10-02 og 27-20-01).

Í samræmi við grein M.A.201 í viðauka við fylgiskjal I við reglugerð nr. 206/2007 um viðvarandi lofthæfi loftfara og flugtæknilegra framleiðsluvara, hluta og búnaðar og um samþykki fyrir viðhaldsstöðvum og starfsfólki á þessu sviði og grein 6.2 í I. viðauka við reglugerð nr. 694/2010 um almannaflug flugvéla, tekur umráðandi sem hefur valið að fresta SID skoðunum fulla ábyrgð á þeirri ákvörðun sinni.


Eftirfarandi skilyrði eiga við ef umráðandi ákveður að fresta SID að hluta eða öllu leyti:

1. Loftfarið skal hafa verið skráð á Íslandi ekki síðar en 1. janúar 2014
2. Loftfarið má ekki vera í flutninga- eða verkflugi
3. Loftfarið skal hafa verið árskoðað samkvæmt samþykktu viðhaldsáætlun eða skoðunatriðum í Cessna Service Manual, eftir því sem við á, á síðustu 12 almanaksmánuðum.
4. Í þeirri árskoðun sem að ofan greinir má ekki hafa komið fram veruleg tæring eða skemmdir á aðal burðavirki og stýrisflötum (primary structural elements (PSE) and flight controls) loftfarsins
 - a. Veruleg tæring eða skemmdir eru þær sem eru meiri en þau mörk sem Cessna setur eða þar sem skipta hefur þurft um umtalsvert af burðavirki, eða tæring er ekki staðbundin, heldur finnst á mörgum stöðum á loftfarinu
5. Umráðandi skal færa í viðhaldsskrá (airframe logbook) loftfarsins yfirlýsingu með tilvísun í þessa ákvörðun, sem lýsir hvort SID skoðunatriðum sé frestað og þá að fullu eða hluta. Skal umráðandinn skrifa undir þessa yfirlýsingu
6. Í næstu árskoðun, á meðan frestun er í gildi samkvæmt þessari ákvörðun, skal skoða loftfarið með tilliti til tæringar almennt og skal viðhaldsaðilinn sem vottar árskoðunina færa í viðhaldsskrá yfirlýsingu um að hann styðji frestun á Cessna SID fram að næstu árskoðun samkvæmt þessari ákvörðun
7. Þau atriði sem ekki er frestað skal setja í viðhaldsáætlun loftfarsins (EASA loffför) eða skrá í skrá um stöðu skoðunatriða (aircraft status sheet) fyrir loffför sem um getur í II. viðauka (Annex II) reglugerðar um sameiginlegar reglur um almenningflug og stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu, nr. 812/2012, sem ekki eru með samþykktu viðhaldsáætlun
8. Fyrir fyrsta flug eftir 31. desember 2015 skal umráðandi:

- a. innleiða Cessna SID skoðunaratriðin í samþykka viðhaldsáætlun og láta framkvæma; eða
- b. breyta sinni viðhaldsáætlun í „sjálf-samþykka“ (self-declarations) samkvæmt fyrirhuguðum reglum sbr. tillögu EASA nr. 10/2013 eftir að þær hafa tekið gildi og láta framkvæma þau skoðunaratriði sem þar koma fram; eða
- c. fá samþykka breytingu á viðhaldsáætlun fyrir Cessna SID skoðunaratriði á grundvelli stoðgagna samkvæmt grein M.A.302(d)(iii) í viðauka við fylgiskjal I við reglugerð nr. 206/2007 um viðvarandi lofthæfi loftfara og flugtæknilegra framleiðsluvara, hluta og búnaðar og um samþykki fyrir viðhaldsstöðvum og starfsfólki á þessu sviði

Með vísan til 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum er ákvörðun þessi birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Reykjavík, 16. júní 2014.


Hermann Guðjónsson forstjóri.